1875
24
3dja
júlí
1874.

4.

Verði búnaðarskóla, eður þessleiðis menntastofnun komið á fót hjer í sýslu, skal sjóðurinn leggjast til tjeðrar stofnunar, henni til styrktar og viðgangs. Þó skal sjóðurinn jafnan vera sjerstök stiptun með sjerskildum reikningum, og ágóðanum, eður afgiptinni jafnan vera varið á þann hátt, sem ákveðið er í 3. grein.

5.

Sem stjórnendur og umsjónarmenn sjóðsins tilnefni jeg sýslumanninn og hjeraðsprófastinn, samt alþingismanninn fyrir syðra kjördœmi sýslunnar, hverjir sem eru eða verða kunna. Þessir menn hafa á hendi umsjón og ábyrgð sjóðsins undir yfirumsjón amtmannsins í norður- og austur-umdœminu, hverjum þeir senda árlega skilagrein um efnahag og meðferð sjóðsins. En þá er úthluta skal styrk þeim, sem að framan er getið, kveðja stjórnendurnir sjer til ráðaneytis hreppstjórana í þeim 3 hreppum, sem áður eru nefndir.

Þessa mína síðustu ráðstöfun, undirskrifa eg og innsigla í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Krossi þann 7. febrúarm. 1869.

Jóhannes Kristjánsson,
(handsalað).

Vitundarvottar:
Jón Sigurðsson.
E. Halldórsson.

L. S.

25
18da
júlí
1874.

Staðfesting konungs á gjafarbrjefi, sem hefur inni að halda fyrirmæli um skipulag styrktarsjóðs Örums og Wulffs.

Staðfestingin er orðuð eins og hin næst undangengna, en skipulagsskráin segir svo:

Örum og Wulff

Kaupmannahöfn dag 17. júlímánaðar 1874.

Í minningu þúsundárahátíðar Íslands gefum við með þessu brjefi 1500 rd. í 4% arðberandi konunglegum skuldabrjefum til að stofna af þeim styrktarsjóð handa Suður-Þingeyjarsýslu og Norðurmúla- og Suðurmúla-sýslum í norður- og austur-amti Íslands, en í þessum sýslum höfum við um mörg ár rekið verzlun vora; um það hvernig sjóði þessum skuli stjórnað og varið, skipum við svo fyrir:

1. grein.

Sjóðurinn heitir styrktarsjóður Örums og Wulffs.

2. grein.

Innstœðuna má aldrei skerða, vextirnir leggist fyrst um sinn fyrir, þangað til stofnaður er í norður- og austur-amti Íslands búnaðarskóli, og á að kaupa fyrir vexti þá, sem saman er safnað, konungleg skuldabrjef, sem leggist til innstœðunnar. Þegar slíkur skóli er stofnaður skal vöxtunum af innstœðu sjóðsins varið til að styrkja ungan námfúsan mann af bœndastjettinni, sem hefur lyst en vantar efni til að sækja slíkan búnaðarskóla, og á það, að því leyti sem við verður komið, að vera í sitt skipti frá hverri sýslna þeirra, sem að ofan eru nefndar.

3. grein.

Fyrst um sinn eiga amtmaðurinn yfir norður- og austur-umdœminu og verzlunarstjóri okkar á Húsavík að veita sjóðnum forstöðu, en þegar búnaðarskóli sá, sem nefndur var, er stofnaður, skal stjórn sjóðsins lögð undir forstöðunefnd skólans.

4. grein.

25 18da júlí 1874

Sje skólinn ekki stofnaður áður en innstæðan með vöxtum hefur náð upphæðinni 2000 rd., skal verja vöxtunum til ferðastyrks handa slíkum unglingi, og um var getið, sem óskar að útvega sjer fyrir utan Ísland nauðsynlega kunnáttu um landbúnað og jarðyrkju og á hann, til þess að fá styrkinn útborgaðan, að snúa sjer að mönnum þeim, sem fyrst eru nefndir í 3. grein og eiga að veita gjöfina. Meðmæli hjeraðsprófastsins um, að hlutaðeigandi beiðandi sje hjálparinnar maklegur, ber að útvega.

Þessi ákvörðun fellur úr gildi, undir eins og skólinn er stofnaður í norður og austurumdæmi Íslands, og skal þá breytt eptir því, sem fyrir er skipað í 2. grein.

5. grein.

Stjórn sjóðsins á að senda árlega til landshöfðingjans yfir Íslandi skilagrein um efni sjóðsins og meðferðina á þeim. Ørum og Wulff.

Auglýsing.

26 14da apríl

Með auglýsingu dagsettri 24. febrúar þ. á. og prentaðri í stjórnartíðindunum 1875 A 1 hefur fjárhagsstjórn ríkisins birt á þessu landi lög um bann gegn gjaldgengi schlesvig-holsteinskra spesiupeninga; en jafnframt leyft að taka megi peninga þessa í gjöld til jarðabókarsjóðsins til 1. ágúst þ. á. fyrir það verð, sem á þeim stendur.

Fyrir þá sök, skal skorað á alla, sem hafa undir höndum 2 ríkisdala-, 8 marka-, 4 marka-, 2 marka-, 1 marks- eður 8 skildinga-peninga, er hljóða upp á

1	spesíu	eður	60	skildinga	schlesvig	holsteinsk	kúrant
2/3	—	—	40	—	—	—	—
1/3	—	—	20	—	—	—	—
1/6	—	—	10	—	—	—	—
1/12	—	—	5	—	—	—	—
1/24	—	—	2 1/2	—	—	—	—

að skipta þeim hjá landfógetanum fyrir gjaldgenga peninga sem allra fyrst og síðast innan júlímánaðarloka þ. á.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. dag aprílmánaðar 1875[1].

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Umburðarbrjef (til amtmanna og sýslumanna).

27 14da apríl

Til að afstýra því, að nautapest og annar næmur fjársjúkdómur flytjist til landsins, skipast, samkvæmt fyrirmælum ráðgjafa hans hátignar konungsins fyrir Ísland, svo fyrir:

Þegar hingað kemur skip frá landi, þar sem vart hefur orðið við nautapest eður annan næman sjúkdóm í skepnum, og ráðgjafi konungs eður landshöfðingi fyrir hans hönd þessvegna hefur bannað, að flytja fyrst um sinn frá slíku landi hingað skepnur eða hluta af þeim t. d. skinn og horn, eður hefur gjört það að skilmála fyrir slíkum flutningi, að öllu sóttarefni hafi verið eytt (að það, sem er flutt, hafi verið «desinficerað»), skal lögreglu-

1) Sama dag var báðum amtmönnum ritað um málið, og eru þeir beðnir að tjá sýslumönnum, að landshöfðinginn búist við, að þeir geri allt það, er í þeirra valdi stendur, til að leiðbeina almenningi í þessu efni, að þeir taki á manntalsþingum í vor kúrantpeninga upp í þinggjöld, og að þeir jafnvel taki við þessum peningum í skiptum fyrir ríkisdala- og aura-peninga. Þar að auki voru amtmenn beðnir að brýna fyrir sýslumönnum, að þeir ættu að senda landfógeta alla þá spesíupeninga, er þeim bæri að höndum svo tímanlega, að þeir gætu verið komnir hingað innan júlímánaðar loka.

Hinn 29. apríl 1875.